

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1908.

Reglugjörð fyrir landsbankann um útgáfu bankaskuldabréfa samkvæmt lögum nr. 82, 22. nóvbr. 1907, undirskrifuð af ráðherra 20. júlí 1908 (A nr. 10, bls. 44—47).

Auglýsing um að ný lyfjaskrá skuli í lög leidd á Íslandi, undirskrifuð af ráðherra 21. septbr. 1908 (A nr. 11, bls. 48—49).

Opið brjef,

131

17. des.

er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 15. febr. 1909.

Vjer Friðrik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 3. gr. stjórnarskipunarlaganna 3. október 1903 um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, sbr. 2. gr. laga nr. 41, 20. október 1905, allramildilegast höfum ákveðið að láta alþingi á voru landi Íslandi koma saman til reglulegs fundar mánudaginn 15. febrúar 1909.

Um leið og Vjer birtum þetta Vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi, bjóðum Vjer öllum þeim, sem setu eiga að hafa á tjeðu alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkurkaupstaðar, og verður þar þá sett alþingi eftir að guðspjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gefið á Amaliuborg, 17. desember 1908.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um skipun tveggja prestakalla eftir lögum 16. nóvbr. 1907 nr. 45. 132

21. júlí.

Í brjefum, dagsettum 14. mars þ. á. og 14. þ. m., hafið þjer, háæruverðugi herra, meðal annars skýrt frá því, að presturinn að Mýrum í Álftaveri, Bjarni prófastur Einarsson, hafi tjáð sig fúsan til að ganga að sameiningu Meðalandsþinga og Ásaprestakalls við núverandi prestakall hans Þykkvabæjarklaustursþing, þó svo að hann nú skorist undan að ganga undir hin nýju prestlaunalög, þótt hann hafi áður lýst því að hann vildi gangast undir þau. Sömuleiðis hafið þjer í áðurnefndu brjefi 14. mars tjáð stjórnarráðinu, að presturinn að Holti undir Eyjafjöllum, Kjartan prófastur Einarsson, hafi lýst því, að hann gangi að sam-